



Fylgiskjal 2:

Nánari skilgreining á samstarfsverkefnum Grósku og Garðabæjar.

A. Jónsmessugleði.

Samstarfssamningurinn felur í sér að Gróska heldur Jónsmessugleði í júní 2021-2022 í Garðabæ.

Gróska sér um framkvæmd Jónsmessugleðinnar eins og verið hefur í samstarfi við Garðabæ. Gróska og Garðabær bera hvort um sig ábyrgð á sínum verkþætti skv. punktum hér að neðan:

Gróska:

1. Hefur umsjón með og stjórnar framkvæmd við sýningardagskrá og uppsetningu hennar.
2. Ber kostnað af undirbúningi að dagskrá og dagskránni sjálfri að öllu leyti, nema verkhluta Garðabæjar.
3. Gróska kostar laun fyrir vinnu listamannanna ef einhver eru, auglýsingar, kynningar, síma og netkostnað og annan útlagðan kostnað v/ undirbúnings.

Garðabær:

1. Tæknisvið bæjarins / þjónustumiðstöð sér um vinnu við að setja niður staura skv. teikningu / merkingum frá Grósku, ef með þarf, tekur þá einnig upp og flytur í geymslu, ef þeir verða notaðir.
2. Útvegar hljóðkerfi og hljóðmenn skv. nánara samkomulagi.
3. Aðkoma / merkingar – sjá um að merkja bílastæði og aðkomu að svæðinu, ruslafötur á svæðinu, fánaborgir o.fl.
4. Öryggismál. Sumarvinnuflokkur á vegum Garðabæjar fær gæsluhlutverk á meðan dagskráin stendur yfir. Jafnframt verður leitað til Hjálparseitar skáta eins og áður um gæslu.
5. Skapandi hópur sumarstarfsmanna fær tækifæri til að taka þátt í dagskránni skv. samkomulagi við verkefnastjóra skapandi sumarstarfa og menningarfulltrúa Garðabæjar.
6. Auglýsir og kynnir Jónsmessudagskrána á vef Garðabæjar og í rafrænu fréttabréfi Garðabæjar.
7. Salernismál.

Aðilar samnings eru sammála um að taka upp viðræður árlega vegna kostnaðar við framkvæmd Jónsmessugleði.



B. Listsýningar á Garðatorgi

Gróska:

1. Sýningartími ákvarðaður í samstarfi við menningarfulltrúa Garðabæjar.
2. Gróska sér um að setja upp og taka niður sýninguna, þ.á.m. sýningarflekana.
3. Sér um fréttatilkynningar á og í fjölmiðla og til Garðabæjar.
4. Ber kostnað af sýningarhaldi s.s. yfirsetu, upphengingu og laun því tengd, auglýsingar, prentun sýningarskrár, veitingar og annað sem tilheyrir sýningarhaldinu.
5. Leggur til sýningartíma með góðum fyrirvara til menningarfulltrúa Garðabæjar.

Garðabær:

1. Auglýsir og kynnir sýningar á heimasíðu Garðabæjar og í rafrænu fréttabréfi Garðabæjar, ásamt því að senda út boð til nefnda og starfsmanna Garðabæjar.
2. Getur útvegað hljóðkerfi með fyrirvara t.d. fyrir opnun.
3. Kemur til móts við óskir Grósku er varðar sýningartímabil í sal á Garðatorgi og/eða annarsstaðar í Garðabæ.

C. Önnur verkefni:

Gróska:

1. Fær til liðs við sig samstarfsaðila sem tekur upp leiðsagnir og stutt viðtöl við félagsmenn. Gróska tekur þannig þátt í rafrænni framþróun samtímans en rafrænt efni verði aðgengilegt á heimasíðu/facebooksíðu félagsins. Gróska ber ábyrgð á kostnaði vegna rafræns efnis.
2. Önnur verkefni skv. samkomulagi við menningarfulltrúa Garðabæjar